

**Nd.**

**356. Lög**

um heimild fyrir Landsbanka Íslands til þess að kaupa nokkurn hluta af vixlum og lánum útibúa Útvegsbanka Íslands h/f á Ísafirði og Akureyri.

(Afgreidd frá Nd. 18. ágúst).

**1. gr.**

Landsbanka Íslands veitist heimild til þess að kaupa af Útvegsbanka Íslands h/f vixla og lán útibúa téðs banka á Ísafirði og Akureyri, allt að 2500000 kr., vegna inndráttar á seðlum þeim, er Útvegsbanki Íslands hefir nú í umferð.

**2. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.